

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 540/2009

2014/EES/64/50

frá 22. júní 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1450/2004 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins
nr. 1608/2003/EB frá 22. júlí 2003 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1450/2004 frá 13. ágúst 2004 um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar ⁽²⁾ eru veittar ítarlegar upplýsingar um þær tölfræðilegu upplýsingar sem óskað er eftir, sundurliðun þeirra, tíðni og tímanleika, og leiðbeiningar um aðferðafræði til að leggja fram samhæfð gögn Bandalagsins.
- 2) Nauðsynlegt er að breyta og uppfæra ráðstafanir til að vakta starfsemi á sviði nýsköpunar til að geta brugðist við vaxandi og síbreytilegum kröfum á sviði umhverfismála.

- 3) Nauðsynlegt er að lágmarka fyrirhöfn fyrirtækja á sama tíma og tryggt er að gögnin sem er safnað séu vönduð og uppfylli upplýsingaþarfir.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. þáttar viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1450/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) í kóða 7 komi eftirfarandi í stað færslu varðandi heiti:
„Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem sagði áhrif markmiða um nýsköpun mjög mikilvæg“,
- 2) í kóða 9 er eftirfarandi bætt við færsluna varðandi athugasemdir:
„— valkvætt fyrir almanaksárið 2008“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMENIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 160, 23.6.2009, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 16.09.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 267, 14.08.2004, bls. 32.